

huga í sambandi við þessa megin-reglu: 1. Sál mannsins og hjarta fær ekki haldið því, sem maðurinn kynnist að eins einu sinni og hefur lítil áhrif á hann. 2. Nemendum þykir gaman að fara aftur og aftur yfir hið sama, ef þeir eru leiddir hygglega. 3. Góð bibliú-kunnáttu, hvað lítil sem hún er, er barninu bæði unun að og til gagns fyrir lífið, ef því er unt að fára sér hana í nyt undir eins. En mikið af sannleiks-molum illa lærðum verður því að kvalræði og til fyrirstöðu. 4. Hver sd.-sk. kennari skyldi byrja kenslu sína með því að fara nákvæmlega yfir lex. næstu á undan og enda hverja kenslu-stund með því að láta nemendurna skýra stuttlega frá aðal-atriðum lexíunnar. 5. Ef forstöðumaður sd.sk. vanrækir eða virðir að vettugi þessa gömlu kenslu-reglu, verður árangurinn sá, að nemendurnir í rauninni læra ekki neitt, hvað fyrirferðarníkið sem skóla-starf hans kann að vera og glæsilegt á að líta.

---

Meginreglur þær, sem hér eru prentaðar, eru þýddar úr dá-litlu kveri fyrir sd.sk.kennara. Þær voru notaðar á síðasta sd.-sk.þingi í sambandi við kirkjuþing við samtal, sem varð nokkuð út af þeim. Tíminn reyndist ekki nógur til þess að hægt væri að tala út um þær.

Reglurnar ættu að geta orðið til gagns hverjum kennara, sem les þær með athygli og löngun til þess að læra af þeim, hvernig hann eigi að kenna. Og vegna þess eru þær prentaðar hér. Væri líka gott að taka þær fyrir á kennarafundum og tala um þær. Með því móti myndu þær skýrast betur fyrir kennur-unum. Líka gæti spunnist út af þeim gagnlegt samtal um kensluna. Ekki væri nauðsynlegt, að taka allar reglurnar fyrir á einum fundi; heldur mætti taka t. d. fyrstu regluna fyrir á einum fundi, og þá næstu á næsta fundi o. s. frv. Væri ekki úr vegi, þegar búið væri að taka þær fyrir á þennan hátt, á sérstökum fundi á eftir, að taka þær fyrir aftur allar í einu, til þess að rifja upp fyrir sér, hvað maður hafi nú lært, og líka til þess að tala saman um það, hvernig manni hafi nú gengið að fara eftir þeim, og um erviðleika, sem á því kunna að hafa orðið.

Við allir, sem fáumist við sd.sk.kenslu, finnum til þess, að við þurfum að læra. En þá þurfum við að hafa einlægan vilja